

Miðvikudaginn 4. febrúar 1970.

Nr. 18/1970. **Valdstjórnin**
 gegn
Þorsteini Þórði Sigurðssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 29. janúar 1970, sem barst Hæstarétti sama dag, hefur varnaraðili sákvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. janúar 1970.

Ár 1970, miðvikudaginn 28. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Kl. 1730 í gærðag kom á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar Heiðar Haraldsson, verzlunarstjóri hjá Ræsi h/f við Skúlagötu, og kærði yfir því, að um kl. 1500 þá um daginn hefði komið í verzlunina maður um 1.76 m á hæð, klæddur dökkum fötum, dökkhærður með vangaskegg. Maður þessi keypti tvo framhöggdeyfa í Mercedes Benz fólksbifreið, árgerð 1964. Maðurinn greiddi höggdeyfana með fölsuðum tékka nr. A 11875 á tékkareikning nr. 128 í Sparisjóði Keflavíkur, að fjárhæð kr. 6.500.00, útgefnum á handhafa sama dag af Kristni Kristinssyni og framseldur af Hafliða Hannessyni, Kirkjubraut 8. Höggdeyfarnir kostuðu kr. 3.146.00, og fékk maðurinn mismuninn greiddan í peningum. Afgreiðslumaðurinn tók eftir því, að maðurinn settist inn í rauða Mercedes Benz leigubifreið.

Um leið og þetta var kært, fóru rannsóknarlögreglumenn að

leita að greindri leigubifreið. Í Lækjargötu sáu þeir leigubifreiðina R 1834, og gat lýsingin á bifreiðinni átt við hana. Í henni var farþegi, og þekktu lögreglumennirnir þar Þorstein Þórð Sigurðsson, kunnan afbrotamann. Var Þorsteinn með alskegg, og kom lýsing afgreiðslumannsins heim við hann. Bifreiðin var stöðvuð við húsið nr. 3 við Bergstaðastræti. Harðneitaði Þorsteinn að hafa komið í Ræsi og keypt þar höggdeyfa, en þeir lágu við aftursætið í bifreiðinni. Í bifreiðinni voru ýmsar aðrar vörur, m. a. vörur úr verzluninni Herjólf í Skipholti 70, en nú í dag var kært yfir því, að þangað hefði borizt falsaður tékki úr sama hefti.

Við leit, sem gerð var á Þorsteini Þórði í hegningarhúsinu, fannst falið í fóðri á vestri hans 3 stk. 1.000.00 króna seðlar og falsaður tékki úr sam hefti. Í öðrum skó hans fundust kr. 200.00, og í fórum hans fannst nóta fyrir áðurgreindum höggdeyfum.

Þá frétti rannsóknarlögreglan, að með Þorsteini Þórði hefði verið Valmundur Óli Söring Einarsson úr Keflavík. Var hann handtekinn í Fatahreinsun Kúlðs á Vesturgötu. Við leit á honum fundust þrír falsaðir tékkar úr sama hefti. Hefur hann nú í dag viðurkennt að hafa falsað og selt nokkra tékka úr áðurgreindu tékkhefti, sem faðir hans á. Hann heldur því fram, að Þorsteinn Þórður hafi um þetta vitað og hafi hann m. a. notið góðs af því, sem fékkst fyrir tékka, sem seldur var í nætursölunni í Umferðarmiðstöðinni. Þá hafi hann falsað framsal á tékkann, sem seldur var í Ræsi. Þessu neitar Þorsteinn Þórður, og er framburður hans í ósamræmi við framburð Valmundar Óla.

Valmundur Óli hóf nú í dag afplánun refsíðis í hegningarhúsinu.

Í þágu rannsóknar málsins, sem er á frumstigi, þykir nauðsyn til bera með tilvísun til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða kærða, Þorstein Þórð, í gæzluvarðhald, svo að hann spilli ekki sakargögnum með óskertu frelsi, en brot þau, sem hann er sakaður um, geta samkvæmt XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1949 varðað fangelsi, og eru því samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fyrir hendi skilyrði til að beita gæzluvarðhaldi.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 15 dögum.

Ályktarorð:

Þorsteinn Þórður Sigurðsson skal sæta gæzluvarðhaldi allt að 15 dögum.